

**37. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 24. nóvember 2011, kl. 17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

Mætt: Siggeir Stefánsson oddviti, Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Dagrún Þórisdóttir, Gunnólfur Lárusson og Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort að athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Svo var ekki.

**DAGSKRÁ:**

**1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 10.11.2011**

*Lögð fram til kynningar.*

**2. Fundargerð Menningarmiðstöðvar Þingeyinga, dags. 08.11.2011**

*Lögð fram til kynningar.*

**3. Fundargerð Eypings, dags. 07.10.2011**

*Lögð fram til kynningar.*

**4. Fundargerð Menningaráðs Eypings, dags. 14.11.2011**

*Lögð fram til kynningar.*

**5. Fundargerð hreppsnefndar Svalbarðshrepps, dags. 01.11.2011**

*Lögð fram til kynningar.*

Í fundargerðinni segir ranglega að Langanesbyggð óski eftir fjárveitingu til reksturs Sauðnesshúss og var erindinu hafnað. Hið rétta er að það var Sauðanesnefnd sem óskaði eftir fjárveitingunni. Óskað hefur verið eftir leiðréttingu á þessu.

**6. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 09.11.2011**

*Lögð fram til kynningar.*

**7. Fundargerð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, dags. 07.11.2011**

*Lögð fram til kynningar.*

**8. Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga.**

*Lögð fram til kynningar.*

**9. Skýrsla sveitarstjóra**

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

#### **10. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS), dags. 14.11.2011**

Í bréfinu óskar EFS eftir umsögn sveitarstjórnar Langanesbyggðar um fjárhagslega framkvæmd samstarfssamnings Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps. Sveitarstjóri rakti forsögu málsins og hvernig unnið hefur verið að því að undanfögnu. Fulltrúum Langanesbyggðar í samrekstrarnefnd falið að svara bréfinu fyrir 15. desember 2011.

#### **11. Bréf frá vímuvarnarráði, dags. 15.11.2011**

Í bréfinu ítrekar ráðið fyrirspurn sína um stefnu Langanesbyggðar í æskulýðs-, íþrótt- og tómstundamálum barna og unglinga í sveitarfélaginu. Umræða um æskulýðs- og tómstundamál. Sveitarstjórn þakkar vímuvarnarráði fyrir bréfið. Stefna Langanesbyggðar er að vinna að eflingu heilbrigðs-, íþrótt- og tómstundastarfs á meðal íbúa sveitarfélagsins og hafa um það samvinnu og styðja við þá aðila sem um slík mál fjalla. Samþykkt að vísa bréfinu jafnframt til íþrótt- og tómstundanefndar til umfjöllunar.

#### **12. Bréf frá Velferðavaktinni, dags. 14.11.2011**

*Lagt fram til kynningar.*

#### **13. Umsókn um styrk**

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna óskar eftir fjárframlagi til eldvarnarfræðslu til grunnskólabarna og fjölskyldna þeirra. Sveitarstjórn fagnar framtakinu og samþykkir samhljóða að leggja því lið upphæð sem nemur 100 krónum á hvert barn á leik- og grunnskólaaldri í sveitarfélaginu.

#### **14. Tölvupóstur frá SAGAZ ehf.**

Útgáfufélagið Sagaz óskar eftir 220.000 króna framlagi til útgáfu ritsins Ísland, atvinnuhættir og menning 2010. Samþykkt samhljóða að hafna umsókninni.

#### **15. Bréf frá Nönnu Steinu Höskuldsdóttir dags. 21.11.2011**

Í bréfinu óskar Nanna Steina eftir lausn frá sveitarstjórnarstörfum til 1. ágúst 2012. Samþykkt samhljóða. Steinunn Leósdóttir tekur sæti Nönnu Steinu sem aðalmaður í sveitarstjórn.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.30.